

Svar fjármála- og efnahagsráðuneytisins við fyrirspurn fjárlaganefndar um verðlagsuppfærslu frumvarpsins.

Verðbólga ársins 2022 var 1,7% umfram spá. Það er leiðreitt og því er grunnur ársins 2022 réttur áður en verðlagsbætur ársins eru reiknaðar. Kostnaður þessi er sundurliðaður á bls 133-4 í frumvarpinu:

„Almennar verðlagsforsendur. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir 5% hækkun annarra rekstrargjalda en launa á milli áráanna 2021 og 2022. Hækkunin er í samræmi við verðbólguþspá fyrir árið 2022 samkvæmt þjóðhagssþá Hagstofu Íslands sem nemur 3,3% hækkun á vísitölu neysluverðs. Áætluð útgjöld vegna þessarar hækkunar eru 7 ma.kr. Í þjóðhagssþá Hagstofu Íslands er jafnframt gert ráð fyrir að verðbólga verði 4,4% á árinu 2021 sem er 1,7 prósentustigum hærra en var í forsendum fjárlaga ársins 2021. Áætluð útgjöld vegna þeirrar viðbótarhækkunar eru 3,6 ma.kr. Leiðrétt er fyrir þessu vanmati í verðlagsreikningi talnagrunns fjárlagafrumvarps ársins 2022 til frambúðar. Algengt er að slík rekstrargjöld nemi um 20–30% af veltu stofnana en gert er ráð fyrir að aukin útgjöld vegna þessara verðlagsbreytinga nemi 10,7 ma.kr“

0,8% hækkunin vísar mögulega til bóta almannatrygginga. Það sama á við þar. 0,8% er til að leiðrétta grunn ársins 2022 vegna umframverðbólgu á árinu 2021.

Grunnur ársins 2022 er leiðréttur í báðum tilvikum (verðlagsbætur og bætur almannatrygginga).